



09-270-2019 10 0081

Hesjuvöllum 19. september 2019

B.t. Skipulagsnefnd Akureyrabæjar

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlinu Hesjuvöllum

Jóhannes Már Jóhannesson og Helga Björg Jónasardóttir fyrir hönd Vallabúið ehf eiganda lögbýlisins Hesjuvalla Landnúmer, 146937 óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi til nytjaskógræktar á 20 hektara svæði á landi jarðarinnar.

Til stendur að gera samning við Skógræktina um ræktunina. Skógræktin hefur tekið út landið og samþykkt að gera samning um skógrækt á tilgreindum hekturum svo fremi að framkvæmdaleyfi frá sveitarfélaginu liggi fyrir.

Meðfylgjandi er hnitsettur uppdráttur af fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Almennt

Fyrirhugað skógræktarsvæði er í landi Hesjuvalla ofan Akureyrar og er 20 hektarar að stærð. Meðfylgjandi loftmynd sýnir legu þess og útlínur. Skógræktarsvæðið er í um 200 - 280 m.y.s. og hefur verið nýtt sem beitiland fyrir hross. Svæðið hallar lítilega á móti austri og er allt vel gróið. Efri partur svæðisins er að mestu frjósamt mólendi með nokkuð stórum hallamýrum á milli. Neðri partur svæðisins eru gömul tún sem notuð hafa verið til beitar. Skógrækt á svæðinu fellur vel að tillögum um Grænatrefillinn umhverfis Akureyri. Aðstæður á svæðinu henta vel til skógræktar enda landið að mestu leyti frjósamt, ekki bratt og veðurskilyrði við Akureyri ein þau bestu á landinu. Lögð verður áhersla á að rækta fjölbreyttan og þrótt mikinn skóg og þess verður gætt að skógurinn falli sem best að landslagi með ásýnd skógarins í huga. Megin áhersla verður á að skógurinn bindi kolefni, gefi af sér viðarnytjar, skapi skjól, bæti jarðveg og auki lífsgæði fólks.

Eftirfarandi þættir hafa verið skoðaðir sérstaklega m.t.t. aðalskipulagsins og gildandi laga.

Aðalskipulag: Stærsti partur svæðisins lendir innan svæðis sem í aðalskipulagi kallast Græni trefillinn. Neðri partur fyrirhugaðs skógræktarsvæðis lendir á gömlum túnum sem eru skilgreind sem óbyggð svæði.

Verndarákvæði náttúruverndarlaga: Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá, og nýtur engrar sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum.

Fornminjar: Fornleifa skráning fór fram á svæðinu 1998. Innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis eru engar skráðar fornminjar

Sérstakar jarðmyndanir og vistkerfi: Á svæðinu eru engar sérstakar jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta verndar skv. náttúruverndarlögum.

Vötn: Engin vötn eða ár eru innan skógræktarsvæðisins

Vegir: Skógræktarsvæðið liggur hvergi að vegi

Raflínur og lagnir : Ekki er vitað til að neinar raflínur eða lagnir liggi um svæðið

Mýrlendi: Innan skógræktarsvæðisins eru nokkrar mýrar. Ekki verður gróðursett í mýrlendi eða því raskað á annan hátt.